

I. Kafli - Nafn félagsins, heimilisfang og hlutverk

1. gr. Nafn og heimili

Félagið er hlutafélag og heitir Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. Félagið er líftryggingarfélag og starfar samkvæmt lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Heimili félagsins er Kringlan 5, Reykjavík.

2. gr. Tilgangur félagsins

Aðaltilgangur félagsins er hvers konar líftryggingastarfsemi þar með taldar lífeyristryggingar, bæði á Íslandi og erlendis, ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi, kaup og sala verðbréfa, allt í samræmi við aðaltilgang félagsins og lög um váttryggingastarfsemi.

3. gr. Stjórnskipulag

Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundir
2. Stjórn félagsins
3. Framkvæmdastjóri

4. gr. Skyldur og ábyrgð hluthafa

Hverjum hluthafa er skylt að hlíta samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlutafjáreign sína.

Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið nema með samþykki allra hluthafa.

II. Kafli - Um hlutafé félagsins

5. gr. Hlutir og hlutafé félagsins

Hlutafé félagsins er kr. 82.352.000 - áttatíu og tvær milljónir þrjú hundruð fimmtíu og tvö þúsund krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.

6. gr. Hækkun hlutafjár

Samþykki hluthafafundar þarf til aukningar hlutafjár. Verði hlutafé félagsins aukið skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjáreign sína. Að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er félagsstjórn í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu setur í hvert skipti.

7. gr. Réttindi hluthafa, takmarkanir á lánveitingum félagsins

Hlutir í félaginu veita hluthafa þau réttindi sem samþykktir félagsins mæla fyrir um.

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu, veðsetningu eða annað framsal hluta í félaginu.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu.

8. gr. Hlutaskrá, eigendaskipti

Félagsstjórn er skylt að halda nákvæma hlutaskrá. Hlutaskrá skal ætíð vera geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Samþykktir fyrir Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum.

Eigendaskipti að hlutum, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal að á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu eigenda- eða aðsetursskipti.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

III. Kafli – Um hluthafafundi félagsins

9. gr. Hluthafafundir

Innan þeirra takmarka, er samþykktir þessar setja, hafa lögmætir félagsfundir, hluthafafundir, æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins og landslögum.

10. gr. Staðsetning hluthafafundar

Hluthafafundi skal halda í Reykjavík, nema stjórn félagsins ákveði annað.

11. gr. Fundarboðun aðalfundar

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal félagsstjórn boða til hans með bréfi, símbréfi eða auglýsingu í fjölmiðlum með 14 daga fyrirvara og skal dagskrár fundar getið í fundarboðinu.

Tveimur vikum fyrir aðalfund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

Ef taka skal til meðferðar breytingar á samþykktum skal greina meginefni tillagna í fundarboðinu.

12. gr. Aukahluthafafundir og boðun þeirra

Aukafund skal halda, þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á, samkvæmt fundarályktun.

Þá skal stjórnin boða til aukafundar, er kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og tilgreina ástæður fyrir nauðsyn aukafundar. Stjórnin skal senda fundarboð um aukafund innan 14 daga, eftir að krafan kom stjórninni í hendur. Nú hefur stjórnin ekki sent fundarboð innan 14 daga frá móttöku kröfunnar og geta endurskoðendur og/eða hluthafar látið boða fundinn samkvæmt 87. gr. laga um hlutafélög.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá og endanlegar tillögur lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

Til aukafundar skal boða á sama hátt og til aðalfundar sbr. 11. gr., en með viku fyrirvara, ef stjórn félagsins þykir nauðsyn krefja.

Á aukafundum verður aðeins tekin ákvörðun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboði.

13. gr. Lögmæti hluthafafunda og breytingar á samþykktum

Hluthafafundir eru lögmætir, ef löglega er til þeirra boðað, án tillits til þess hversu margir sækja fund.

Samþykktum félagsins verður einungis breytt á lögmætum hluthafafundi. Tillaga um breytingar á samþykktum verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, sbr. þó 94. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum.

14. gr. Réttur til setu á hluthafafundum

Rétt til þátttöku í hluthafafundum hafa allir hluthafar, stjórnarmenn, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri.

Hluthafa er heimilt að sækja fundi ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig má hluthafi fela umboðsmanni að sækja fyrir sig fundi og skal hann leggja fram skriflegt og dagsett umboð, sem eigi má gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

Þá hefur skiptastjóri, lögráðamaður ófjárráða, ráðsmaður samkvæmt lögræðislögum og prókúruhafi lögaðila heimild til að sækja fundi fyrir hönd skjólstæðings síns eða láta umboðsmann gera það fyrir sína hönd.

15. gr. Fundarsköp

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri, er fundurinn kýs. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti funda, form umræðna, meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Þegar fundur hefur verið settur skal gera skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðina.

Í síðasta lagi 14 dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerð eða staðfestu endurriti hennar á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Fundargerð skal vera full sönnun þess, er fram hefur farið á fundinum.

16. gr. Dagskrá aðalfundar

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár með athugasemdum endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári. Skulu tillögur þar að lútandi vera lagðar fram af stjórn félagsins.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning stjórnar félagsins.

7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins fyrir næsta kjörtímabil.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í 2. og 3. lið 1. mgr. greinar þessarar eða varða lausn undan ábyrgð, til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

17. gr. Atkvæðavægi

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut, sem þeir eiga í félaginu.

Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið kann að eiga sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur fyrir hlutabréf, sem dótturfélag kann að eiga í félaginu.

IV. Kafli - Starfsemi og stjórn félagsins

18. gr. Starfssvið félagsstjórnar

Stjórn félagsins hefur æðstu forstöðu félagsins, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum. Stjórn félagsins skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum og er undirskrift tveggja stjórnarmanna nægileg. Getur hún fyrir hönd þess tekið lán, veðsett eignir þess eftir því sem ástæða er til svo og selt eignir félagsins aðrar en fasteignir. Til sölu fasteigna félagsins þarf samþykki hluthafafundar.

Verkefni stjórnar eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og almennt eftirlit með því að skipulag félags og starfsemi séu jafnan í samræmi við lög og samþykktir félagsins.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins og ákveða yfirstjórn þess.
3. Að ráða framkvæmdastjóra félagsins.
4. Að ákveða hvaða starfsmenn hafi heimild til að skuldbinda félagið og setja reglur um slíkt.
5. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi.
6. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um hlutafélög.

Félagsstjórn fjallar einnig um önnur mál sem hluthafafundur eða framkvæmdastjóri leggja fyrir það.

19. gr. Kosning stjórnar, heimild stjórnar til að skuldbinda félagið

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og tveimur varamönnum.

Aðalfundur félagsins kýs stjórn og varamenn, og skal kjörtímabil þeirra vera til næsta aðalfundar. Þeir sem gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Aðalmenn skulu kosnir fyrst en varamenn síðan.

Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli einstaklinga. Hún skal fara þannig fram að nöfnum allra frambjóðenda er raðað á einn atkvæðaseðil. Hver maður má greiða frá einum og upp í þrjú atkvæði. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd, skal atkvæðamagni skipt að jöfnu milli þeirra sem hann kýs.

Fyrstu tvö stjórnarsætin skulu skipa sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum tveimur stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal

teljast réttkjörinn sem þriðji stjórnarmaðurinn. Skulu varamenn í stjórn skipa sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Hafi ekki nægilega margir af hvoru kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

Varamenn skulu taka sæti í forföllum aðalmanna þannig, að sá sem flest atkvæði fær tekur fyrst sæti og svo koll af kolli. Sé ekki unnt að gera upp á milli varamanna eftir atkvæðum skal stjórn félagsins ákveða í hvaða röð þeir taka sæti.

Stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 66. gr. hlutafélagalaga og 41. gr. laga um váttryggingastarfsemi eftir því sem við á.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og hefur á hendi allar framkvæmdir fyrir félagið, þær er heyra til rekstri þess, og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum. Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið, eftir því sem hún telur nauðsynlegt, og getur skuldbundið félagið og eigur þess, þar á meðal veðsett þær með ályktunum sínum og samningum.

Undirskrift meirihluta stjórnenda er skuldbindandi fyrir félagið.

Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum, og eru stjórnarfundir lögmætir, er meirihluti stjórnarmanna eru mættir. Sé fundur eigi fullskipaður þarf tvö atkvæði til gildrar ályktunar. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, er fram fer á fundum hennar, og staðfestist hún með undirskrift mættra stjórnenda.

20. gr. Verkaskipting stjórnar

Stjórn skiptir með sér verkum í samræmi við gildandi starfsreglur stjórnar. Formaður kveður stjórn til funda, stýrir þeim og undirbýr þá í samráði við framkvæmdastjóra.

Fundi skal halda þegar stjórnarformanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri félagsins eða endurskoðendur óska þess.

21. gr. Firmað ritar meirihluti stjórnar

Allt það, sem félagsstjórn lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum öðrum stjórnarmanni. Félagið ábyrgist allar skuldbindingar, sem stjórn þess undirgengst stöðu sinni samkvæmt, fyrir félagsins hönd.

22. gr. Framkvæmdastjóri

Dagleg stjórn félagsins er í höndum framkvæmdastjóra, sem félagsstjórn ræður. Félagsstjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra félagsins prókúruumboð. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að rekstur félagsins sé í samræmi við lög, samþykktir þessar og ákvarðanir stjórnar.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi félagsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan félagsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Félagsstjórn hefur heimild til þess að víkja framkvæmdastjóra frá störfum.

V. Kafli - Reikningshald og endurskoðun

23. gr. Ársreikningur

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningurinn skal hafa að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og

efnahagsreikning með skýringum. Við samningu ársreiknings og endurskoðun skal sérstaklega gætt ákvæða laga um váttryggingastarfsemi.

24. gr. Endurskoðendur

Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skulu kjörin á aðalfundi félagsins og í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun. Endurskoðendur hafa, hvenær sem er, aðgang að bókom félagsins til að sinna hlutverki sínu. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn félagsins, vera starfsmaður þess eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Endurskoðandi skal að öðru leyti fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem lög kveða á um.

25. gr. Ársreikningsgerð

Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð reiknings fyrir liðið starfsár og sent hann endurskoðendum, en þeir skulu aftur hafa endursent hann til formanns með athugasemdum sínum svo tímanlega, að hann geti legið frammi í tvær vikur fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

26. gr. Ráðstöfun hagnaðar og taps

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögur um ráðstöfun hagnaðar, þ.m.t. um úthlutun arðs, eða eftir atvikum hvernig mæta skuli tapi og tekur fundurinn fullnaðarákvörðun þar að lútandi.

VI. Kafli - Félagsslit og önnur ákvæði

27. gr. Ráðstafanir ef félagið fullnægir ekki gjalðpólskröfu

Uppfylli félagið ekki lágmarkskröfur laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 til að fullnægja gjalðpólskröfu, eða slíkt sé fyrirsjáanlegt, skal stjórn félagsins þegar gera Fjármálaeftirliti viðvart og semja áætlun um hvernig og hvenær úrbætur verði gerðar. Áætlun þessa skal senda Fjármálaeftirliti í samræmi við sömu lög.

28. gr. Félagsslit

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og ber þá að boða til hluthafafundar með sama hætti og aðalfundar.

Til að ákvörðun hluthafafundar um félagsslit sé gild, þurfa hluthafar, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins að greiða henni jákvæði sitt. Félagsslit fara fram skv. XIII. kafla hlutafélagalaga og XXIV. kafla laga um váttryggingastarfsemi. Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit félagsins skal leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar váttryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Þar sem ákvæði samþykktar þessara segja ekki til um, hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, laga um váttryggingastarfsemi, laga um ársreikninga og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

Fyrirsagnir einstakra greina teljast ekki hluti samþykktanna, en eru settar inn til hægðarauka.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi 1. maí 1985.

Breytingar: Aðalfundur 6. mars 1992

Aðalfundur 15. apríl 1994

Hluthafafundur 12. október 1994

Hluthafafundur 31. október 1995

Hluthafafundur 30. janúar 1998

Aðalfundur 18. mars 2002

Hluthafafundur 17. desember 2003

Aðalfundur 23. mars 2007

Aðalfundur 12. mars 2010

Aðalfundur 29. apríl 2011

Aðalfundur 26. apríl 2012

Hluthafafundur 8. nóvember 2013

Aðalfundur 24. mars 2015

Aðalfundur 3. mars 2016

Aðalfundur 9. mars 2017

Aðalfundur 8. mars 2018

Hluthafafundur 28. apríl 2021

Framanritaðar samþykktir eru núgildandi samþykktir félagsins með innfærðum breytingum, samþykktar á hluthafafundi félagsins hinn 28. apríl 2021.

Framkvæmdastjóri

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.